



Reykjavík, 23. júní 2025
SFS22030264

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Framlenging samnings við Tónlistarskóla Árbæjar

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 23. júní 2025 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2025, og drög að viðauka við samning milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað 6. júní 2025
Drög að viðauka við samning, ódags.
Samningur, dags. 28. apríl 2022



Reykjavík





Reykjavík, 6. júní 2025

SFS22030264

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi samning Tónlistarskóla Árbæjar vegna hópakennslu í hljóðfæraleik

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 og í borgarráði þann 5. september 2024 var samþykkt að samningur við Tónlistarskóla Árbæjar vegna hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla yrði framlengdur til 6. júní 2025. Um var að ræða framlengingu með viðauka við samning til tveggja ára sem samþykktur var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 29. mars 2022 og í borgarráði þann 7. apríl 2022.

Um er að ræða fría hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Frá undirritun samnings hafa allir nemendur í 4. og 5. bekk Árbæjarskóla fengið hópakennslu í gítarleik, píanóleik og söng auk þess að fá þjálfun í að semja tónverk. Kennsluefnið hefur verið þróað með nýtingu tækni, hugbúnaðar og veflægs stoðnáms.

Innleiðingaráætlun um stefnu framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 kveður á um að auka möguleika barna í borginni á aðgengi að tónlistarnámi. Verkefnið snertir á öllum þessum þáttum og hefur heppnast einstaklega vel.

Ávinningur verkefnisins felst í því að eitt stöðugildi tónlistarkennara gefur öllum börnum í tveimur árgöngum færi á að kynnast hljóðfæranámi. Verkefnið hefur einnig haft margvísleg jákvæð áhrif innan skólans. Það hefur aukið möguleika nemenda til þátttöku í tónlistarsköpun óháð efnahag þar sem áhersla er lögð á að allir fái tækifæri til að kynnast hljóðfæraleik og söng án endurgjalds. Verkefnið hefur jafnframt eftið sjálfstraust nemenda, aukið samvinnu innan og milli hópa og stuðlað að jákvæðni nemenda gagnvart tónlistarnámi.

Með vísan til framangreinds er lagt til að samþykkt verði að framlengja meðfylgjandi samning við Tónlistarskóla Árbæjar sem gildi frá 7. júní 2025 til 6. júní 2026.

Fjárhagsleg áhrif

Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025.



Reykjavík

Viðauki við samning milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Tónlistarskóli Árbæjar ehf. kt. 540699-2329 hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan viðauka við samning sömu aðila dags. 28. apríl 2022 sem síðast var framlengdur með viðauka dags. 16. september 2024 með gildistíma til 6. júní 2025:

1. gr.

Forsendur viðauka

1. Samningur aðila, dags. 28. apríl 2022 auk viðauka dags. 16 september 2024, er órjúfanlegur hluti viðauka þessa.

2. gr.

Breytingar á samningnum og framlenging

- 2.1 Gildistími samnings aðila dags. 22. apríl 2022, auk viðauka dags. 16. september 2024 er framlengdur frá 7. júní 2025 til 6. júní 2026 með eftirfarandi breytingum:

- a. Gr. 1.3 samnings aðila verður svohljóðandi:

Skóla- og frístundasvið á hljóðfæri sem notuð verða í grunnskólanum vegna verkefnisins.

- b. 5. gr. samnings aðila verður svohljóðandi:

Á skólaárinu 2025 til 2026 ber tónlistarskólanum að vera með 294 kennslustundir, tímagjaldið er 15.000.- og er greiðslan því að hámarki kr. 4.410.000.-

Greiðslur fara fram með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, samkvæmt reikningi.

- c. 6. gr. samnings aðila verður svohljóðandi:

Verkefnið er unnið í samstarfi við fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði. Tengiliður verkefnisins fyrir hönd skóla- og frístundasviðs er Aino Freyja Järvelä og fyrir hönd tónlistarskólans Stefán Stefánsson.

3. gr.

Gildistími samnings

- 3.1 10 gr. samnings aðila verður svohljóðandi:
Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 7. júní 2025 til og með 6. júní 2026.

4. gr.

Varnarþing, undirritun o.fl.

- 4.1 Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings aðila frá 28. apríl 2022 og síðari viðauka dags. 16. september 2024 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmaleg gilda ákvæði þessa viðauka.



- 4.2** Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 4.3** Viðaukasamningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.



Samningur milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Tónlistarskóli Árbæjar, kt. 540699-2329, hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. gr.

Verkefni

1.1 Verkefnið felst í því að Tónlistarskóli Árbæjar tekur að sér hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla á skólatíma.

Kennt verður á píanó (allir aldurshópar), rafgítar (unglingastig) og samspil, trommur – gítar-hljómborð-bassi (unglingastig).

1.2 Tónlistarskóli Árbæjar hannar, tekur upp, forritar, klippir og mótar rafrænt kennsluefni sem nemendur sem taka þátt í verkefninu hafa aðgang að hvenær sem er. Um er að ræða myndskeið og námsleiki sem tengjast efni tímanna. Að meðaltali inniheldur hver kennslustund um þrjá efnispætti, myndskeið og sér forritaða námsleiki. Það námsefni sem framleitt verður á samningstímanum er fyrir öll hljóðfæri sem um ræðir, píanó, gítar og samspil og er áætlað að kennslustundir verði samanlagt um 36 rafrænar kennslustundir fyrir hverja lotu. Tónlistarskóli Árbæjar, í samstarfi við Árbæjarskóla skilar skýrslu, eigi síðar en 1. júlí 2022 og aftur 1. júlí 2023 um verkefnið.

1.3 Skóla- og frístundasvið mun kaupa og eiga hljóðfæri sem notuð verða í grunnskólum vegna verkefnisins.

Gert er ráð fyrir að um kr. 4,5 milljónum verði varið til kaupa á hljóðfærum.

1.4 Tónlistarskóli Árbæjar stýrir heildarverkefninu en vinnur það náið með stjórnendum í Árbæjarskóla varðandi skipulag á hópum og kennslutíma sem fer fram innan skólatíma.

2. gr.

Framkvæmd

Árbæjarskóli upplýsir foreldra þeirra barna sem eiga kost á að taka þátt í verkefninu um fyrirkomulag og þátttöku í verkefninu. Árbæjarskóli tekur ákvörðun um hvaða nemendur taka þátt í verkefninu á hverjum tíma og ber ábyrgð á því að kynna foreldrum þeirra barna sem taka þátt í verkefninu fyrirkomulag á hópakennslunni.

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um framvindu verkefnisins og ávinning í gegnum upplýsingaveitu Árbæjarskóla.

3. gr.

Ábyrgð á nemendum

Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða, eru nemendur Árbæjarskóla á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma



skólans stendur, þegar þeir taka þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans.

Ákvarðanir um réttindi og skyldur nemenda skulu teknar af Árbæjarskóla. Þetta á einnig við um þátttöku nemenda í verkefnum sem um ræðir.

4. gr.

Samskipti og starfshættir

Árbæjarskóli og Tónlistarskóli Árbæjar koma sér saman um nánari reglur og starfshætti vegna samstarfsins.

Hafi nemendur í frammi hegðun sem ekki samrýmist skólareglum Árbæjarskóla eða óhlýðnast fyrirmælum starfsfólks Tónlistarskóla Árbæjar skal viðkomandi starfsmaður gera kennara viðvart.

Hafi starfsfólk Árbæjarskóla athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsfólks Tónlistarskóla Árbæjar skal leiða það mál til lykta í samráði við skólastjóra Árbæjarskóla og Tónlistarskólann. Hafi starfsfólk Tónlistarskóla Árbæjar athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsfólks Árbæjarskóla skal Tónlistarskólinn leiða það mál til lykta í samráði við skólastjóra Árbæjarskóla.

5. gr.

Fjármál

Á árinu 2022 ber tónlistarskólanum að vera með 270 stundir, tímagjaldið er 15.000.- og er greiðslan því að hámarki kr. 4.050.000.- til samræmis við lið 1.1 hér að framan.

Á árinu 2022 eru greiddar til tónlistarskólans kr. 4.000.000.- fyrir gerð kennsluefnis til samræmis við gr. 1.2 hér að framan.

Á árinu 2023 eru greiddar kr. 4.000.000.- til tónlistarskólans fyrir gerð kennsluefnis til samræmis við gr. 1.2 hér að framan (fyrir önnur hljóðfæri).

Á árinu 2023 ber tónlistarskólanum að vera með 540 kennslustundir, tímagjaldið er 15.000.- og er greiðslan því að hámarki 8.100.000.- til samræmis við lið 1.1 hér að framan.

Greiðslur fara fram með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum, samkvæmt reikningi.

6. gr.

Samskipti á framkvæmdatíma

Verkefnið er unnið í samstarfi við fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði. Tengiliður verkefnisins fyrir hönd skóla- og frístundasviðs er Soffía Vagnsdóttir og fyrir hönd tónlistarskólans Stefán Stefánsson.



7. gr.

Starfsfólk

Allt starfsfólk Tónlistarskóla Árbæjar sem starfar við kennslu samkvæmt samningi þessum heyrir undir Tónlistarskóla Árbæjar sem ber ábyrgð á starfsfólki sínu.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem það fær vitneskju um í tengslum við framkvæmd verkefnisins, sbr. X kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, kemur fram að óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla einstakling, sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við upphaf samningstíma skal Tónlistarskóli Árbæjar sjá til þess að fyrir liggi samþykki allra starfsmanna hans, sem starfa munu í Árbæjarskóla fyrir því að Árbæjarskóla sé heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá þeirra um brot skv. XXII. kafla (kynferðisbrot) (engin tímamörk) og XXIII. kafla (ofbeldisbrot) almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (síðustu fimm ár), auk brota gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (síðustu fimm ár). Óheimilt er að fela starfsmanni að veita nemendum Árbæjarskóla þjónustu fyrr en Árbæjarskóli hefur staðreynt að starfmaðurinn hafi ekki hlotið refsíðoma fyrir þau brot, sem að framan greinir og teljist hæfur til að veita þjónustuna.

7.gr.

Tilkynningar

Falli hópakennsla niður af einhverjum orsökum skal það tilkynnt Árbæjarskóla með eins löngum fyrirvara og kostur er.

8. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

9. gr.

Vanefndir, reglur ofl.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal þess getið í kynningarefni að verkefnið njóti stuðnings Reykjavíkurborgar, sjá viðauka I.

10. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023. Aðilar skulu fyrir 1. október 2023 ákveða hvort samningur skuli endurnýjaður að því gefnu að það verði samþykkt af skóla- og frístundaráði og borgarráði.



Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

11. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

12. gr.

Önnur ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík 28. apríl 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Tónlistarskóla Árbæjar

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Stefán S. Stefánsson

Skólastjóri

Viðauki I

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Vottar að rétttri undirritun sviðsstjóra

Vottar að rétttri undirritun skólastjóra

Engla Traustadóttir 020383-5349

Hanna Elísa Skúladóttir 050595-2509